



Alþingi
Erindi nr. P 133/605
komudagur 7.12.2006

SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. desember 2006

Tilv.: 0611024

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, lögum um prentrétt, nr. 57/1956 og samkeppnislögum, nr. 44/2005, með síðari breytingum.

Af hálfu menntamálanefndar Alþingis hefur þess verið farið á leit við Samkeppniseftirlitið að gefin verði umsögn um frumvarp til laga um útvarpslög, lög um prentrétt og samkeppnislög, 58. mál, eignarhald á fjölmiðlum o.fl.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir ýmsum breytingum á gildandi lögum um útvarp og lögum um prentrétt ásamt einni breytingu á samkeppnislögum. Lagðar eru til ýmsar breytingar á opinberum eftirlitsreglum er varða fyrirtæki í fjölmiðlarekstri. Hér á eftir verður fjallað um þau ákvæði frumvarpsins sem talið er að varði samkeppnisumhverfi og stöðu Samkeppniseftirlitsins.

Í 3. mgr. 6. gr. a. (22. gr.) er mælt fyrir um að ef fleiri óska eftir að flutningsskylda verði lögð á fjarskiptafyrirtæki en fjarskiptanetið annar skal fjarskiptafyrirtæki flytja þær dagskrár sem hafa mest áhorf samkvæmt mælingum útvarpsréttarnefndar.

Samkeppniseftirlitið bendir á að þetta ákvæði um val á dagskrám til flutnings geti leitt til þess að takmörkuð verði innkoma nýrra aðila á markaðinn og eins gert litlum aðilum erfitt fyrir um hugsanlega aukna dreifingu dagskrár. Leggur Samkeppniseftirlitið áherslu á að leitað verði leiða til þess að draga úr hindrunum sem af þessu geta leitt. Takmörkun á dreifingu sem ákvæði sem þetta getur skapað er líkleg til þess að hamla samkeppni og minnka fjölbreytni í dreifingu sjónvarpsefnis.

Í 7. mgr. 10. gr. a. er mælt fyrir um að dagblað sem á í verulegum fjárhagslegum erfiðleikum sem bregðast verður við með fjárhagslegri endurskipulagningu geti sótt um tímabundna undanþágu til Samkeppniseftirlitsins frá takmörkun á eignarhaldi.

Samkeppniseftirlitið telur að slíka undanþágu beri viðkomandi að sækja um til útvarpsréttarnefndar sbr. ákvæði í 4. gr. frumvarpsins hvað varða útvarpsstöðvar. Það er að mati Samkeppniseftirlitsins í verkahring útvarpsréttarnefndar en ekki Samkeppniseftirlitsins að hafa eftirlit með eignarhaldi fjölmiðlafyrirtækja.



Í 14. gr. er mælt er fyrir um að eftirfarandi grein, 17. gr. a., bætist við samkeppnislögin:

Ef ætla má að samruni, þar sem tvö eða fleiri fjölmiðlafyrirtæki eiga í hlut, stofni tjáningarfrelsi, frjálsri skoðanamyndun almennings eða fjölmiðlaframboði í hættu, getur Samkeppniseftirlitið ógilt samruna sem þegar hefur átt sér stað. Einnig má setja slíkum samruna skilyrði sem verður að uppfylla innan tilskilins tíma. Um málsmeðferð og tilkynningarskyldu aðila gilda ákvæði 3.-6. mgr. 17. gr. Áður en Samkeppniseftirlitið tekur ákvörðun samkvæmt þessari grein skal leitað álits útvarpsréttarnefndar.

Samkeppniseftirlitið gerir ekki athugasemd við ákvæðið. Rétt er hins vegar að vekja athygli á að samkvæmt ákvæðinu og skýringum á því í athugasemdum með frumvarpinu er gert ráð fyrir því að Samkeppniseftirlitið byggi upp á sínum vegum og viðhaldi víðtækri þekkingu á fjölmiðlum og fjölmiðlafræði, með því að hafa á að skipa starfsmanni eða starfsmönnum með þekkingu og reynslu á þessu sviði og koma á samstarfi við stjórnvöld í nágrennanríkjum sem hafa þetta hlutverk með höndum. Ekki er gert ráð fyrir að Samkeppniseftirlitið reiði sig einvörðungu á álit útvarpsréttarnefndar að þessu leyti, enda væri þá hagfelldast að fela henni þetta verkefni. Í kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir 5 m.kr. árlegum kostnaði Samkeppniseftirlitsins vegna verkefnisins. Hér er um lágmarksáætlun að ræða að mati Samkeppniseftirlitsins, þegar litið er til þess að æskilegt er að til verkefnisins ráðist starfsmaður með aðra menntun en þá sem að jafnaði er nýtt til úrlausna á verkefnum eftirlitsins. Vill Samkeppniseftirlitið ennfremur vekja athygli á því að ekki hefur verið gert ráð fyrir þessum kostnaðarauka við vinnslu frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2007.

Til viðbótar vill Samkeppniseftirlitið vekja athygli á því að tímafrestur sá sem því er ætlaður til umfjöllunar um samrunamál samkvæmt núgildandi 17. gr. samkeppnislaga er að jafnaði styttri og ósveigjanlegri en hliðstæðir tímafrestir í þeim löndum sem framangreint ákvæði 14. gr. frumvarpsins sækir fyrirmynd sína til. Þegar mat samkvæmt þessu ákvæði bætist við hefðbundið samrunamat er augljóst að Samkeppniseftirlitinu er ætlaður óraunhæfur tími til úrlausnar málsins. Samkeppniseftirlitið vekur athygli á þessu, en telur þó rétt að leyst verði úr þessu með breytingum á hinum almennu tímafrestum 17. gr. samkeppnislaga.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson